



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24

IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. maí 2007

Tilvísun: UST20070200205/bs

Jarðgöng á leiðinni Bolungarvík-Ísafjörður. Frekari umsögn

Vísað er til tölvubréfs Skipulagsstofnunar dags. 10. apríl þar sem fram koma svör Vegagerðarinnar við fyrri umsögn Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd. Jafnframt er óskað frekari umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdina.

Í svari framkvæmdaraðila er þeirri skoðun lýst að álit Umhverfisstofnunar, sbr. umsögn stofnunarinnar dags. 28. mars sl., komi á óvart þar sem fram hafi farið ítarlegar rannsóknir og niðurstaðan sú að áhrif verði lítil ef undanskilin séu áhrif gangamunna á landslag. Niðurstaða Umhverfisstofnunar sé einnig óskiljanleg þegar þess sé gætt að stofnunin hafi ekki kynnt sér þær sérfræðiskýrslur sem hafi verið unnar vegna málsins og skráðar séu í kynningarskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að í umsögn sinni var stofnunin ekki að gagnrýna þær rannsóknir sem farið hafa fram á hugsanlegum framkvæmdasvæðum eða óska eftir nýjum rannsóknum heldur fyrst og fremst að gagnrýna umfjöllun um áhrif framkvæmdanna í tilkynningu framkvæmdaraðila. Stofnunin telur að orðalag í þeirri umfjöllun sé ekki nógu afgerandi, ekki síst með hliðsjón af því að töluverðar rannsóknar hafa farið fram á hugsanlegum framkvæmdasvæðum. Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á að umsögn stofnunarinnar miðast ávallt við þau gögn sem framkvæmdaraðili leggur fram við tilkynningu um framkvæmdir. Þær sérfræðiskýrslur sem vísað er til voru ekki fylgigögn með tilkynningu framkvæmdaraðila.

Að líkindum gætu helstu áhrif ofangreindrar framkvæmdar falist í sjónrænum áhrifum vegna vegagerðar og haugsetningar. Þessir þætti framkvæmdarinnar eru að mati Umhverfisstofnunar ekki nægjanlega skýrt skilgreindir til að unnt sé að leggja mat á hugsanleg sjónræn áhrif framkvæmdarinnar. Þessi skortur á vel afmörkuðum og skýrum valkostum hvað varðar staðsetningu og umfang haugsvæða hefur í för með sér ákveðna óvissu um áhrif á t.d. gróðurfar, fuglalíf og votlendi. Ekki er á loftmyndum sýnd lega alls fyrirhugaðs vegar í Hnífsdal, sbr. tilkynningu um framkvæmdina.

Í fyrri umsögn sinni um framkvæmdina frá 28. mars sl. gerði Umhverfisstofnun eftirfarandi athugasemdir:

„Góð hönnun vega og góð staðsetning hauga geta dregið verulega úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun telur því að gera þurfi frekari grein fyrir skeringum

og landmótun vegna skeringa á öllum veglínunum, sem og staðsetningu og útliti hauga. Huga þarf að haugsetningu til frambúðar á ónothæfu efni og haugsetningu til skemmri tíma á nothæfu efni þar sem svigrúm verði til að vinna og lagera efni.”

Umhverfisstofnun gerði kröfu um sams konar upplýsingar í umsögn sinni um jarðgöng undir Vaðlaheiði.

Umhverfisstofnun telur að frekari upplýsingar um ofangreind atriði þurfi að liggja fyrir til að unnt verði að gefa umsögn um framkvæmdina.


Umhverfisstofnun gerði í fyrri umsögn sinni athugasemdir við umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á vatnsból fyrir bæinn Ós. Í svörum framkvæmdaraðila er ekki gerð nánari grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar, en fram kemur að heilbrigðiseftirlit geri enga athugasemd í sinni umsögn og að Vegagerðin muni athuga málið nánar áður en hugsanlegar framkvæmdir hefjist á þessum stað. Umhverfisstofnun telur svör framkvæmdaraðila ófullnægjandi. Stofnunin ítrekar þær athugasemdir sínar að liggja eigi fyrir upplýsingar um það hvort framkvæmdirnar munu raska vatnsbolinu áður en afstaða er tekin til framkvæmdanna og ef svo er, til hvaða ráðstafana verði gripið. Að öðrum kosti sé ekki hægt að meta að fullu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.


Umhverfisstofnun óskaði eftir upplýsingum um það í fyrri umsögn sinni hvaðan sú tala væri fengin að oftast væri talað um 15 m öryggissvæði sitt hvorum megin vegar. Í svörum framkvæmdaraðila segir að við vegagerð geti stærra svæði en fari undir veginn raskast af ýmsum orsökum. Vegagerðin áætli að þetta svæði geti numið allt að 15 m sitt hvorum megin vegar við einstakar aðstæður og hafi þetta viðmið m.a. verið notað í mati á umhverfisáhrifum Vestfjarðarvegar nr. 60, Bjarkarlundur – Eyri.

Umhverfisstofnun telur að munur sé á því hvort öryggissvæði sé allt að 15 m við einstakar aðstæður eða almennt um 15 m. Stofnuni vekur athygli á að í mati á umhverfisáhrifum vegna vegagerðar hefur að undanfögnu almennt verið gert ráð fyrir 6-7 m breiðu öryggissvæði til hvorrar handar út frá vegöxl, sbr. t.d. mat á umhverfisáhrifum Norðausturvegar um Hólaheiði og mat á umhverfisáhrifum vegna Gjábakkavegar.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki kemur fram í svörum framkvæmdaraðila hvort ætlunin er að endurheimta votlendi í stað þess votlendis sem raskast við framkvæmdirnar.

Virðingarfyllst


Sigrós Friðriksdóttir
fagstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður